

**Fundargerð 123. fundar
fræðslunefndar Flóahrepps**

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: þriðjudagur 22. september 2020

Fundartími: Krakkaborg: 16:30 – 17:00
Sameiginleg málefni: 17:00-17:30
Flóaskóli: 17:30-18:30

Fundarmenn: Mareike Schacht, formaður
Bjarni Stefánsson, varaformaður
Ægir Sigurðsson, ritari
Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, aðalmaður
Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri
Eyðís Rós Eyglóardóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hulda Kristjánsdóttir fulltrúi kennara
Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Flóaskóli:

1) Fréttir af skólastarfinu – *Stutt samantekt*

Rætt um að í framtíðinni sendi skólastjóri samantekt af fréttum úr skólastarfi, nefndarmenn lesi það yfir fyrir fund.

Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu frá síðasta fundi. Búið er að ráða aðstoðarskólastjóra, Jónínu Ósk Ingólfssdóttur. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi og nú er mikill meirihluti kennara með réttindi. Nemendafjöldi er 112 nemendur. Unnið hefur verið að úrbótum í samræmi við niðurstöður ytra mats sem fór fram síðastliðinn vetur. Starfið hefur gengið vel en tekið mið af takmörkunum í tengslum við covid19. M.a. var farin ferð í Þórsmörk með 9. og 10. bekk í samstarfi við félagsmiðstöð. Umræður um atvik í skólanum þar sem verðmæti í eigu kennara töpuðust, rætt um eðlileg viðbrögð við atvikum sem þessum.

2) Mat á skólastarfi 2019-2020

Matsskýrsla innra mats lögð fram til kynningar.

3) Starfsáætlun 2020-2021

Dröf að starfsáætlun komandi skólaárs kynnt. Starfsáætlun verður lögð fram til samþykktar á næsta fundi fræðslunefndar.

4) Skóladagatal

Skóladagatal næsta skólaárs rætt. Samþykkt að færa starfsdag frá 16. október til 23. apríl.

5) Umbótaáætlun vegna ytra mats.

Umbótaáætlun vegna ytra mats hefur verið send á fræðslunefndarfulltrúa.

6) Skólalóð Flóaskóla

Rætt um úrbætur sem gera þarf á skólalóð Flóaskóla. Vegna stærðar skólalóðar telur skólastjóri að erfitt reynist að tryggja öryggi nemenda. Rætt um möguleika á því að loka ákveðnum svæðum skólalóðar til að auka öryggi nemenda. Rætt um möguleika á því að skólabílstjórar leggi á bílaplan við þjórsárver. Á næsta fundi leggja skólastjórnendur fram tillögur að úrbótum. Ákveðið að ræða þessi mál frekar á næsta fundi.

RE
AAO
JHU
BPSL
GK
AS
11/45

Sameiginleg málefni Flóaskóla og Krakkaborgar:

7) Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla í vetur og áherslur almennt.

Rætt um áherslur og fyrirkomulag í skólaheimsóknum.

Skólastjórnendur eiga eftir að hittast og skipuleggja starf skólaársins.

8) Önnur mál

Rætt um færslu nemenda úr leikskóla í grunnskóla og mat á því hvenær nemandi er tilbúinn til að hefja nám í grunnskóla. Heimild er í skólanámskrá fyrir sveigjanleika nemenda til að hefja nám í grunnskóla fyrr eða seinna en hefð er fyrir.

PRÉ
AAO
ES.

Fyðrbol
Stefania Ósk

GK

B. Sk.

HHL

GTHP.

K. H.S

Krakkaborg:

9) Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt

Rætt um að í framtíðinni sendi skólastjóri samantekt af fréttum úr skólastarfi, nefndarmenn lesi það yfir fyrir fund og geri athugasemdir ef einhverjar eru á fundinum.
Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannahóp. Krakkaborg fékk grænfána í annað sinn í haust. Teymi innan skólans hefur hafið skoðun á hvernig styttingu vinnuvikunnar skuli háttáð.

10) Starfs- og símenntunaráætlun 2020-2021 lögð fram til kynningar.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við starfs- og símenntunaráætlun.

11) Umbótaáætlun 2016-2020 – lokið af hálfu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

12) Önnur mál

Lagt til að Bjarni Stefánsson verði varaformaður fræðslunefndar. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:36

AR
aaD
KydB
Stefania ēsk
Bj. St.
GHP.
RS
K., 4. S,